

REGLUGERÐ

um úthlutun á opnum tollkvótum á hreindýrakjöti og nautahakki.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollskrárnúmer:	<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:</i>				
0202.3001	Hakkað <i>Annað:</i>	01.07.08 - 30.06.09	ótilgreint	0	357
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, fryst <i>Hreindýrakjöt með beini, fryst:</i>	01.07.08 - 30.06.09	ótilgreint	0	573
0208.9008	Skrokkar og hálfir skrokkar	01.07.08 - 30.06.09	ótilgreint	0	0
0208.9009	Annað	01.07.08 - 30.06.09	ótilgreint	0	573

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2009.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. júní 2008.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.